

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2022

ÖRNEFNANEFND

Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Sími 525 4432 og 525 4433 – Netfang ornefnanefnd@hi.is

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni nr. 22/2015, sbr. og lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006, með síðari breytingum, lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, með síðari breytingum og lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd er þannig skipuð:

Bergur Þorgeirsson formaður, án tilnefningar.

- Varamaður: *Birna Kristín Svavarsdóttir*.

Enar Sveinbjörnsson varaformaður, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Gunnar H. Kristinsson, tilnefndur af umhverfi- og auðlindaráðuneyti.

- Varamaður: *Eydís Líndal Finnbogadóttir*.

Jónína Hafsteinsdóttir, tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Varamaður: *Birna Lárusdóttir*.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, tilnefnd af Íslenskri málnefnd.

- Varamaður: *Sigurður Konráðsson*.

Emily Lethbridge, rannsóknarlektor á nafnfræðisviði Árnastofnunar, og Aðalsteinn Hákonarson, verkefnisstjóri á sama stað starfa með Örnefnanefnd. Aðalsteinn ritaði fjórar fundargerðir á árinu og Bergur Þorgeirsson, formaður nefndarinnar, eina.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Laugavegi 13 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni Örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6 . gr. laga um örnefni;
6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúrufrýrbæri innan sveitarfélags;

7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.
Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Heimasíða

<https://arnastofnun.is/is/ornefnanefnd>

<http://ornefnanefnd.is/> (vísar beint á svæði nefndarinnar á heimasíðu Árnastofnunar).

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna aðgang að lögum um örnefni nr. 22/2015, ársskýrslum Örnefnanefndar frá árinu 1998, meginsjónarmiðum nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skráum um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Enn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra og reglugerð um störf Örnefnanefndar.

Fundir

Haldnir voru fimm formlegir fundir í Örnefnanefnd árið 2022, þ.e. 21. febrúar, 20. apríl, 8. júní, 22. ágúst og 1. desember.

Umsagnir, álit og úrskurðir

Níu formleg erindi bárust Örnefnanefnd á árinu 2022 þar sem óskað var eftir umsögn eða álit nefndarinnar. Þar á meðal voru beiðnir um umsagnir um tillögur að nafni á sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, nafni á sameinað sveitarfélag Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nafni á sameinað sveitarfélag Blönduósþéttbæjar og Húnavatnshrepps, nafni á sameinað sveitarfélag Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, nafni á sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsþéttbæjar og nafni á nýjum jökli frá sveitarfélaginu Hornafirði.

Örnefnanefnd bárust nokkrar fyrirspurnir á árinu sem svarað var símleiðis eða með tölvupósti af starfsmönnum nafnfræðisviðs og formanni nefndarinnar.

Samstarf

Örnefnanefnd og nafnfræðisvið hafa verið í samstarfi við Þjóðskrá Íslands um staðföng og vandamál varðandi skráningar. Nefndin hefur ennig verið í samstarfi við Landmælingar Íslands um ýmis mál.

Nafnfræðisvið Árnastofnunar

Starfsmenn nafnfræðisviðs veita einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn.

Reykholti, 7. mars 2023



ÖRNEFNANEFD
Bergur Þorgeirsson, formaður